

þessa rjettar síns, og hvernig hún vilji gjöra það í hverju einstöku tilfelli, og það er því engin ástæða til, að veitingarvaldið leiti álits sóknarnefndarinnar um umsökendurnar og það því síður, sem slíkt myndi hafa í för með sjer annmarka þá, sem þjer, herra biskup hafð bent á.

— *Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um styrk til að læra skipasmíði.* — Samkvæmt tillögum yðar, herra amtmaður í brjefi frá 2. þ. m. hefi jeg veitt Jóni trjesmið Gunnlaugssyni 200 kr. styrk af fje því, sem getur um í 9. gr. C. 4. fjárlaganna til þess að leita sjer kunnáttu í skipasmíði erlendis, þannig, að hann megi eiga von um allt að 150 kr. viðbót við þennan styrk, ef hann á komanda vori sendi hingað áreiðanlega vitnisburði um framfarir sínar og ástundunarsemi í tjeðri iðn.

Þetta er tjád yður, herra amtmaður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um alþingishúsið.* — Í skýrstu þeirri, sem þjer, herra landshöfðingi gáfuð í þóknanlegu brjefi frá 14. f. m. um byggingu á húsi handa alþingi og söfnum landsins, hafð þjer meðal annars skýrt ráðgjafanum frá, að nú megi þegar ætla fullsannað, að kostnaðurinn við húsgjörð þessa muni, og það eigi allitíð, fara fram úr upphæð þeirri, sem til hennar er veitt í fjárlögnum.

Þjer hafð í þessu tilliti skýrt frá, að af hinni veittu upphæð 100000 kr. sje nú þegar búíð að ávísa í þarfir hússins samtals 98000 kr., og að stærð þeirrar upphæðar, sem enn muni þurfa til þess að fullgjöra húsið, sje af Bald yfirsmið áætluð 18000 kr., en að aptur megi vonast eptir 2000 kr. ágóða af sölu á stólpagrindum, efnisleyfum o. fl. og megi því reikna, að fjárveitingin verði 14000 kr. of lág; hafð þjer svo lagt það til, að yður verði veitt heimild til að ávísa til útborgunar úr jarðabókarsjóði, í von um aukafjárveiting, bæði upphæð þeirri, sem eptir framansögðu útheimtist til að fullgjöra húsið fram yfir það, sem veitt er til þessa í fjárlögnum, og enn fremur hjer um bil 5000 kr., sem ætla megi, að þurfi til bókaskápa og annara áhalda handa bókastofunum í húsinu.

Út af þessu lætur ráðgjafinn ekki dragast þjónustusamlega að tjá yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frækari ráðstöfunar, að ofan nefnd tillaga yðar er hjer með samþykkt.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um eptirlaun af prestakalli.* — Þjer hafð, herra landshöfðingi, skýrt frá því í þóknanlegu brjefi frá 9. f. m., að presturinn að Stafafelli sjera Páll Pálsson hafi lagt þann skilning í lög frá 27. febr. þ. á. um eptirlaun presta, að skylda sú, sem hingað til hefir hvílt á honum til að greiða uppgjafaprestinum síra Bjarna Sveinssyni eptirlaun af tekjum prestakalls þessa, sje við nefnd lög horfin á landssjóð frá fardögum þ. á., þegar þau öðluðust gildi. Jafnframt því hafð þjer skotið spurningunni um skylðu landssjóðs til að greiða eptirlaun þessi til úrslita ráðgjafans, en sjálfur hafð þjer lagt þann sama skilning í lög þessi, sem